

Virðulegi forseti.

Ég mæli hér fyrir frumvarpi til breytinga á lögum um embætti sérstaks saksóknara og lögum um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankana 2008 og tengdra atburða.

Embætti sérstaks saksóknara gegnir afar þýðingarmiklu hlutverki í því uppgjöri sem nú er hafið vegna bankahrunsins. Rannsókn á því hvort refsiverð háttsemi hafi átt sér stað í tengslum við hrun íslensku bankanna er nauðsynlegur liður í endurreisn íslensks efnahagslífs. Markmið þessa frumvarps er að efla embætti hins sérstaka saksóknara svo það verði betur í stakk búið til að sinna lögmæltu hlutverki sínu við slíka rannsókn, og eftir atvikum saksókn. Ég tel rétt að rifja upp að embættið hefur áður verið eflt. Það var gert með ákvörðun ríkisstjórnarinnar 27. mars sl. um að stórauka fjárveitingar til embættisins, úr 76 m.kr. í 275 m.kr. á ársgrundvelli. Var þetta gert í kjölfar ábendinga frá frú Evu Joly, sem er ráðgjafi hins sérstaka saksóknara, sem taldi að um 20 manns þyrftu að starfa hjá hinu nýja embætti, svo það gæti starfrækt hlutverk sitt.

Enn hafa komið ábendingar frá fyrrnefndum ráðgjafa hins sérstaka saksóknara um að efla þurfi rannsóknina enn frekar og tel ég afar brýnt að hlýða vel á þær ábendingar.

Því er í frumvarpinu lagt til að ráðherra skipi til viðbótar við hinn sérstaka saksóknara 3 saksóknara við embættið. Lagt er til það að saksóknararnir hafi sjálfstætt ákærvald og taki þannig sjálfir ákvörðun um hvort ákært skuli í þeim

málum sem þeim hefur verið falið að rannsaka en lúti ekki fyrir mælum hins sérstaka saksóknara í þeim efnum. Jafnframt hafi þeir lögregluvald eins og aðrir starfsmenn hins sérstaka saksóknara. Hinn sérstaki saksóknari skal hins vegar skipta með saksóknurum verkum og fela þeim rannsókn, stjórn og flutning mála.

Er þetta skipulag á embættinu, sem hér er gert ráð fyrir, með nokkrum sjálfstæðum saksóknurum, nýmæli hér á landi. Skipulagið er að norskri fyrirmynd, því mjög hefur verið litið til norska embættisins Ökokrim, sem hefur með höndum rannsóknir á efnhagsbrotum ásamt saksókn. Því fer þó fjarri að hugmyndin sé algerlega ný hérlendis, því fyrrverandi ríkissaksóknari, Bogi Nilsson, setti fram á sínum tíma hugmyndir um áþekkt fyrirkomulag þegar rætt var um nýtt embætti héraðssaksóknara við endurskoðun laga um meðferð opinberra mála. Því má segja að hugmyndir fyrrverandi ríkissaksóknara hafi hér gengið í endurnýjun lífdaga.

Þá er lagt til að ráðherra skipi sérstakan ríkissaksóknara sem skal sinna því hlutverki sem ríkissaksóknari hefur sem æðsti handhafi ákærvalds, gagnvart embætti sérstaks saksóknara. Sú staða er nú uppi að ríkissaksóknari hefur tilkynnt ráðuneytinu um að hann telji rétt að víkja sæti tímabundið í öllum málum sem varða sérstakan saksóknara. Jafnframt hefur hann óskað eftir að settur verði sérstakur ríkissaksóknari til að sinna lögbundnum skyldum ríkissaksóknara gagnvart hinum sérstaka saksóknara. Ástæða þessarar ákvörðunar ríkissaksóknara er að sonur hans er annar af forstjórum Exista hf. sem var stærsti hluthafi í Kaupþingi. Ljóst sé að komi málefni Exista til skoðunar hjá embætti sérstaks saksóknara þá sé ríkissaksóknari vanhæfur til að gegna hlutverki sínu í þeim málum sem þar verði til meðferðar.

Virðulegi forseti. Landslög gera ekki ráð fyrir því að embættismaður segi sig frá heilum málaflokki. Embættismenn og aðrir opinberir starfsmenn geta einungis sagt sig frá ákveðnum málum. Dóms- og kirkjumálaráðherra getur því ekki brugðist við þessum aðstæðum að óbreyttum lögum, og er því lagt til að í lögum kom heimild til að skipa sérstakan ríkissaksóknara til að sinna verkefnum ríkissaksóknara gagnvart embætti sérstaks saksóknara. Skal hlutverk hans vera það sama og hlutverk ríkissaksóknara svo sem kveðið er á um í lögum um meðferð sakamála og lögum um embætti sérstaks saksóknara. Hann skal sinna eftirliti með embættinu, skera úr um embættistakmörk hins sérstaka saksóknara gagnvart öðrum ákærendum og því hver skuli fara með mál ef í ljós kemur að háttsemi felur í sér annað eða önnur brot en þau sem sérstakur saksóknari fer með. Hann skal einnig hafa það hlutverk að taka ákvörðun um hvort sá sem hefur frumkvæði að því að bjóða eða láta lögreglu eða saksóknara í té upplýsingar eða gögn, sæti ekki ákæru þótt upplýsingarnar eða gögnin leiði líkur að broti hans sjálfs í stað þess að slíkt sé í höndum ríkissaksóknara. Er það í samræmi við að ríkissaksóknari komi ekki að þeim málum sem til rannsóknar verða hjá embætti hins sérstaka saksóknara. Af þeim sökum er einnig nauðsynlegt að gera breytingar á lögnum um rannsókn og aðdraganda á orsökum falls íslensku bankanna. Er lagt til að tilkynningar rannsóknarnefndarinnar um grun um refsiverða háttsemi eða hvort ekki eigi að ákæra þann sem býður nefndinni upplýsingar berist til embættis sérstaks ríkissaksóknara í stað ríkissaksóknara.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir efni frumvarpsins og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til háttvirtrar allsherjarnefndar og annarrar umræðu.